



## Skýrsla formanns Skógræktarfélags Selfoss fyrir starfið frá apríl 2016 til apríl 2017, lesin á aðalfundi félagsins þann 18. apríl 2017 á Snæfoksstöðum.

Starf Skógræktarfélags Selfoss á 64. starfsári stóð saman af talsverðum framkvæmdum. Starfsvettvangur félagsins var sem fyrr Hellisskógur.

Aðalfundur 2016 var haldinn 13. apríl í Árvökum, starfsmanna húsnæði Skógræktarfélags Árnesinga á Snæfoksstöðum. Ágætis mæting var á fundinn sem var auglýstur í Dagskránni og á heimasíðu og facebook síðu félagsins. Á fundinum voru venjubundin aðalfundarstörf. Stjórn situr áfram óbreytt, þeir sem áttu að ganga úr stjórn buðu sig aftur fram og voru endurkjörnir. Félagsgjald var samþykkt óbreytt 2000 kr. Fjárhagur félagsins er góður. Undir önnur mál var sagt frá hugmynd Hermanns Ólafssonar um bætt aðgengi að hellinum. Í fundarhléi var boðið upp á létt kvöldsnarl.

Haldnir voru 3 formlegir stjórnarfundir á starfstímabilinu.

Félagsskráin var yfirfarin og lagfærðar. Samkvæmt skránni eru um 140 skráðir í félagið. Ekki voru sendir út hefðbundnir greiðsluseðlar til félagsmanna vegna félagsgjalds fyrir árið 2016. Borin voru út félagsskírteini sem einnig eru afsláttarkort á vegum Skf.Ísl. Meðfylgjandi var miði sem hvatti félagsmenn til að greiða félagsgjaldið 2000 kr. beint inn á reikning félagsins.

Tvö vinnukvöld voru haldin á árinu, 1. og 2. Júní. Fyrra kvöldið var plantað 30 pottaplöntum í tilefni þess að 30 ár eru frá fyrstu gróðursetningarkvöldinu í Hellisskóg. Seinna kvöldið var plantað bakkaplöntum og grisjað í skjólbelti við Hellinn. Plantað var 400 m austan við Stóra Helli í þurrasta svæðið með landamerkjaskurði að Laugarbökkum. Áburður var borinn jafn óðum á



nýgróðursettar plöntur. Í lok vinnukvöldanna var boðið uppá veitingar í Hellinum. Vinnukvöldin voru auglýst á heimasíðu félagsins [www.hellisskogur.is](http://www.hellisskogur.is), facebook síðu og einnig höfðu stjórnarmenn samband við þá er hafa verið að mæta undanfarinn ár. Ágætis mætinga var bæði kvöldin veður var gott, milt og þurr.

Í ár voru það nokkrar tegundir af plöntum sem voru gróðursettar, flestar voru þetta árgamla bakkaplöntur í tveimur stærðum af fjölpottabökkum, ein tegund var tveggja ára. Plönturnar komu frá skógarplöntuframleiðendum í Hvammi í Hrunamannahrepp, Kvistum í Biskupstungum og Barra á Héraði. Hluti plantnanna fékk félagið úr úthlutun hjá Skógræktarfélagi Árnesinga. Sjá plöntur í töflu 1.

Tegund	kvæmi	Aldur	Bakkastærð	Framleiðandi	Fjöldi
Döglingsviður	Blackwater	1/0	40	Hvammur	10
Gráödur	Norge (frá Öyvind)	1/0	35	Hvammur	40
Skógarfura	Flatanger	2/0	40	Hvammur	80
Sitkagreni		1/0	40	Kvistar	480
Birki		1/0	40		120
Birki	Bolholt	1/0	40	Barri	220
Ösp	Lord	1/0	35		70
Stafafura	Bugar Ölfusi	1/0	40	Hvammur	200

Tafla 1 sýnir plöntur 2016

**Samtals**

**1220**

Þegar allt er talið var plantað um 1220 plöntum í Hellisskógi árið 2016.

Í byrjun maí voru merkt tré í skóginum sem að ákveðið var að flytja inn í Árborg. Mest voru þetta birki 1,5-3 metrar á hæð, einnig voru nokkrar aspir stungnar upp og settar Norðan við Grænumörkina með Árveginum og einnig við göngustíginn sem nær frá Vallholti og í átt að MS. Birkinu var plantað við sama stíg og einnig inn í skjólbeltið meðfram Langholtinu sem er orðið mjög lélegt og var grisjað í vetur, n.t.t. frá Engjavegi og fram hjá Birkigrundinni. Voru þetta samtals 25 aspir og 98 birki sem stungin voru upp í Helliskógil. Voru það flokkstjórar frá Árborg sem stungu plönturnar upp og plöntuðu þeim. Varlega áætlað má meta andvirði trjáanna 800. þúsund kr.



Í byrjun júní á hverju ári koma nemendur úr 5. bekk Vallaskóla í Hellisskóg að planta bakkaplöntum sem að þau hafa

fengið úthlutað úr Yrkjusjóðnum, þetta árið fengu þau 220 plöntur. Rúmlega fjörutíu nemendur mættu í gróðursetninguna sem fram fór á framræst mýrarstykki við vesturhluta girðingarinnar.

Um sumarið hafði félagið á leigu pick up frá Skógræktarfélagi Árneseinga, var hann notaður til mannflutninga og flutninga vélum og tækjum. Nýttist bíllin að mörgu leiti vel, en full hátt var upp í bíllinn, enda búið að hækka hann til utanvega aksturs.

Í júní fór en og aftur að bera á óværu í birkiblöðum, sem lýsti sér þannig að blöðin urðu brún að hluta. Þetta var svipað og á síðasta ári. Ekki eru varanlegar skemmdir á trjánum.

Í sumar voru þrjár piltar frá Umhverfiseild Árborgar sem unnu í einn og hálfan mánuð hver í Hellisskógi. Sveitarfélagið Árborg útvegaði félaginu þessa starfskrafta. Byrjuð þeir 23. maí þetta árið. Byrjað var á ýmiskonar snyrtingu á svæðinu og grisjun. Einnig voru afklippur hreinsaðar af svæðinu. Lokið var við að leggja stíga við Hellinn og bak við hann. Sett voru þrep í brattasta hluta stígsins. Keyrð var mül í stíga í trjásafninu og í nágrenni. Bætt var mül í nýja stíginn út við landamerki við Laugarbakka. Eins var farið og bætt mül í á nokkra göngustíga þar sem aðkallandi var að bæta mül í. Borin var fúavörn á borð og bekkir sem eru á svæðinu. Smíðaðir nýir bekkir við göngustígana og aðrir lagfærðir. Brýr á göngustígum lagaðar og endurnýjaðar eftir þörfum. Gras var slegið meðfram öllum göngustíga í tvígang í sumar þar sem mikil grasspretta var. Hellisbrúin var sleginn með slátturofi alla leið upp að Biskupstungnabraut. Víðikjarr var klippt frá gönguleiðinni. Umferð gangandi fólks um þessa fornu gönguleið er alltaf að aukast. Nágrenni Hellisins var slegið og snyrt, eins og svæðið við minnismerkið og flatirnar við trjásafnið og í Lionsreitnum. Gera þarf ráð fyrir að leggja þurfi talsverða vinnu í umhirðu á þessum svæðum á næstu árum. Einnig var unnið að almennri skógarumhirðu. Umsjónamaður með verkunum var Ólafur Hákon.

Grisjað var á nokkrum stöðum í þéttum trjáþyrpingum. Neðst í trjásafninu var reyniviður sagaður frá greni. Einnig var birki grisjað á nokkrum stöðum þar birkið var að byrja skemma greni eða furur.

Fengum fimm vörubílsfarma af grófa úrgangsmöl frá Vöruhúsinu sem sett var á planið við Hellinn sem á að nota sem undirefni undir stækkun á plani. Fengum fjóra bíla af malarblöndu fyrir síga úr Ingólfsfjalli og áttum tvö átekin hlöss frá því í fyrra.

Hreyfitækin (æfingatæki) sem voru sett upp sl. sumar hafa verið notuð talsvert frá því að þau voru sett upp. Bæði er um að ræða skokkara og almenning sem vill styrkja sig.



Tré sem voru sett niður í tilefni þess að 40 ár voru liðin frá kjöri Vigdísar Finnbogadóttur.

Dagur Íslenskrar náttúru var haldinn í Helliskógi 16. Sept. Í samvinnu við sveitarfélagið Árborg. Boðið var upp á frá planinu við minnismerkið kl. 17. Vegna roks og rigningar mætti enginn í gönguna, sem féll niður.

Frískir Flóamenn veittu skógræktarfélaginu viðurkenningu sem velgjörðarfélag Frískra Flóamanna 2016. Við það tækifæri mættu þau á einni hlaupaæfingunni með stálpuð tré sem að þau gróðursettu SV við Hellinn.

Framkvæmdasvið sveitarfélagsins var okkur innan handa með ýmis verk á árinu, eins og að hefja veginn upp að Helli. Einnig með að koma með traktorsgröfu til að færa til mulning sem notaður var í göngustíga. Flatirnar nærri mismarkinu voru slegnar með sláttutraktorum frá sveitarfélaginu sem og flöt inn í Lions reitnum.

Sótt var um styrk til sveitarfélagsins Árborgar fyrir starsárið 2017, einnig var aftur sótt um auka fjárveitingu til skurðgraftar í Helliskógi á árinu.

Í árs byrjun 2017 hafði Landsnet samband við formann og fór fram á að tré sem eru undir þeirra línu verði fjarlægð þar sem línun væri farin að slást í hæðstu trén. Voru þeir hittir á vettvangi og málið skoðað. Tekið var ágætlega í málið. Vinna við grisjun undir línunni er langt kominn. Um er að ræða furu, birki, greni og ösp. Línan liggur frá ferjustaðnum og inn í land Laugabakka. Í byrjum apríl kom eftirlitsmaður frá Landsneti að skoða verkið og lagði blessun sína yfir verið. Nú er verið að skoða með hvort Landsnet styrki félagið vegna verksins. Í mars hafði Rarik samband vegna sama vandamáls með þeirra línur, en höfðu engan áhuga að taka þátt í kostnaði, þannig að málið er í bið að svo stöddu.

Í byrjun mars voru félagar úr Lions hittir í skóginum þar sem skoðað var hvar Rarik línun fer utan í þeirra land. Einnig var samningur sem þeir vilja gera við félagið ræddur og bent á að félagið gæti ekki skuldbundið þriðja aðila til að slá grasflötina hjá þeim.

Sótt var um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða fyrir bættu aðgengi að Stóra Helli, fengum við synjun á beiðnina, en munum reyna aftur síðar.

Snemma á vormánuðum hafði Þuríður Elfa Jónsdóttir samband við félagið og vildi gefa félaginu verkið Hljómkviða Árinnar sem staðið hefur á bökkum Ölfusár frá því að sýningin Ferjustaður var haldinn í skóginum 2009. Setti höfundur upp lítið skilti móttsvið verkið.



Umferð um skóginn er að aukast, bæði gangandi fólk og hlaupandi einstaklingar og hópar. Hlutur ferðamanna er alltaf að aukast í skóginum, enda má gera ráð fyrir að þeim komi til með að fjölga í Hellisskógi á næstu árum þar sem ferðaþjónustuaðilar í þorpinu benda þeim í auknu mæli á að fara þangað. Í sumar var sett upp skilti sem bannaði tjöldun í skóginum. Viðhald svæðisins verður meira með hverju árinu. Einhverjir hundaeigendur eru farnir að skilja eftir poka með hundaskít á bílastæðinu hjá minnismarkinu. Spurning um að banna hunda alfarið á svæðinu fyrst hundaeigendur bera ekki meiri virðingu fyrir svæðinu ?

Á komandi árum verða verkefni í skóginum umhirða og viðhald svæðisins. Einnig þarf að leggja áherslu á að þurrka þau svæði sem eru farin að ógna skóginum. Eitthvað er um að tré séu farin að falla vegna of hárrar vatnsstöðu á svæðinu. Eins er lagfæring og bætt aðgengi að Hellinum ofarlega á blaði og eins vinna við aðlaga svæðið að væntanlegum þjóðvegi eitt í gegnum skóginn.

Núverandi stjórn þakkar félagsmönnum, Sveitarfélaginu Árborg, styrktaraðilum og öðrum hlutaðeigandi, samstarfið á liðnu ári og vonar að komandi starfsár verði félaginu heilladrjúgt í uppbyggingu og ræktarstarfinu.

Einnig vil ég þakka félögum mínum í stjórn fyrir farsælt samstarf á árinu og Ólafi Hákon fyrir hans framlag fyrir félagið.

Fyrir hönd stjórnar Skógræktarfélags Selfoss,

Björgvin Örn Eggertsson<sup>1</sup>, formaður.

*Aðrir í stjórn félagsins eru: Snorri Sigurfinnsson<sup>2</sup> ritari, Örn Óskarsson<sup>2</sup> gjaldkeri, Hermann Ólafsson<sup>1</sup> og Ólafur H. Guðmundsson<sup>2</sup> varamenn.*

<sup>1</sup> Tákn um þá sem eiga að sitja áfram í stjórn.<sup>2</sup> Tákn um þá sem eiga að ganga úr stjórn.



Tré byrjuð að falla í Hellisskógi vegna bleytu.

Ljósmyndir í skýrslu; Björgvin Örn Eggertsson